

3. gr.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi er bæjarstjórn heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, sbr og lög nr. 34 frá 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

6. apríl 1979.

Nr. 202.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 150/1972 um orlof.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú kemur í ljós að launagreiðandi hefur vanrækt greiðslu orlofsfjár og skal þá Póstur og sími vekja athygli hans á því og skora á hann að gera full skil þegar í stað eða í síðasta lagi innan þriggja daga.

Beri slík áskorun ekki árangur skal Póstur og sími hlutast til um innheimtu þegar í stað.

Sé fyrrsjáanlegt að innheimta taki það langan tíma að orlofsfé komist eigi í hendur orlofsþega þegar hann hyggst fara í orlof skal Póstur og sími greiða honum inneign hans.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1972 um orlof sbr. lög nr. 12 29. mars 1979, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 6. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

9. apríl 1979.

Nr. 203.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. apríl 1979 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Selfoss.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar og skipulagsstjóra ríkisins.